

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 05 - 2021

*Staður:* TEAMS

*Tími:* Miðvikudagur 12. maí 2021 kl 13:00-14:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi og ritar), Margrét Björnsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson Jón Kristófer Arnarson, Torfi Jóhannesson og Halldór Þorgeirsson. Guðveig Lind Eyglóardóttir boðaði forföll

Gestur fundar: Daði Már Kristófersson, aðstoðarrektr.

## 1. Verkefni Loftslagsráðs sem tengjast Lbhí [kynning og umræður]

Halldór fór yfir verkefni Loftslagsráðs sem tengjast Lbhí. Einkum er um að ræða tvö verkefni, annars vegar sem snýr að kolefnisjöfnun og samstarfi við Staðlaráð og hins vegar sem varðar losun frá landi og farveg fyrir faglega umræðu. Þá var rætt um stjórnslu loftslagsmála, nauðsynlegar rannsóknir og fræðslu og hvar Lbhí ætlar að staðsetja sig í þessum málum m.a. með hliðsjón af landbúnaðarstefnu og loftslagsstefnu sem unnið er að.

## 2. Önnur mál til kynningar [kynning og umræður]

- a. Tilfærsla starfsmenntanáms í garðyrkju. Verkefnisstjóri ráðuneytisins mun funda með starfsmönnum á Reykjum nk. mánudag og fara yfir stöðu mála.
- b. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kom á Hvanneyri 29. apríl sl. á fund um eflingu kornræktar.
- c. Jarðræktarmiðstöð og uppbygging innviða. Málið er í vinnslu í ráðuneytinu.
- d. Mið-Fossum. Málið er í vinnslu í ráðuneytinu.
- e. Skeifudagur var haldinn á Sumardaginn fyrsta á Mið-Fossum og tókst einstaklega vel, en viðburðinum var streymt vegna samkomutakmarkana.
- f. Unnið er að undirbúningi gæðaúttektar og jafnlaunaúttektar.
- g. Ársfundur og Háskólafundur verða haldnir 28. maí nk.

## 3. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á Reykjum 8. júní kl 10:00.

